

Ed.

581. Breytingartillögur

[206. mál]

við frv. til laga um kaup á sex skuttogurum.

Frá Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að 12 skuttogara í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram sem hlutafé úr ríkissjóði allt að 7.5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra. Þegar um er að ræða bæjarútgerðir eða útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið eða stofnuð verða fyrir forgöngu sveitarfélaga og með þátttöku þeirra, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram eignarhlut eða hlutafé, er nemur allt að 10% af kostnaðarverði skipanna.